

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 692/2008,
um kostnað vegna sölu afla á uppboðsmarkaði
samkvæmt 9. mgr. 11. gr. laga nr. 116/2006.

1. gr.

1. mgr. 3. gr. orðast svo:

Forráðamenn uppboðsmarkaðarins sbr. 2. gr. skulu standa skil á andvirði hins selda afla að frá-
dregnum hafnargjöldum og kostnaði við uppboð aflans. Til kostnaðar við uppboð telst kostnaður
vegna flokkunar og slægingar afla og eftir atvikum ísun aflans á markaði ásamt þóknun markaðar
vegna sölu hans. Í þeim tilvikum sem afla er landað í sveitarfélagi eða byggðarlagi þar sem ekki er
uppboðsmarkaður er enn fremur heimilt að draga frá kostnað vegna flutnings hans á markað, enda sé
aflinn fluttur á næsta uppboðsmarkað um minnst 20 km vegalengd frá viðkomandi löndunarhöfn.
Eftirstöðvar andvirðis aflans skiptast með þeim hætti að útgerð skipsins skal fá 20% sem skiptist
milli útgerðar og áhafnar samkvæmt samningum þar um og 80% greiðist til Verkefnasjóðs sjávar-
útvegsins.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða, með síðari
breytingum, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 28. janúar 2010.

F. h. r.

Arndís Á. Steinþórsdóttir.

Hrefna Gísladóttir.